

Minnisblað

Móttakandi: Karl Björnsson framkvæmdastjóri

Dags.: 13.01.2010

Sendandi: Gunnlaugur Júlíusson

Málsnr.: 0910005SA

Málalykill: 160

Efni: Fjárlög 2010, endanleg yfirferð

Í minnisblaði þessu verður farið yfir helstu atriðin sem tengjast afgreiðslu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2010 og varða sveitarfélögin á beinan eða óbeinan hátt. Einnig er farið yfir nokkur helstu atriðin í lögum um ráðstafanir í skattamálum en ýmis ákvæði þess voru forsendur fyrir tekjuhlið fjárlaga.

Niðurstöður fjárlaga

Niðurstöðutölur fjárlaga fyrir árið 2010 eru sem hér segir (rekstrargrunnur):

Tekjur: 414,6 ma.kr.

Gjöld: 560,7 ma.kr.

Mismunur: -98,8 ma.kr.

Samkvæmt samþykktu fjárlagafrumvarpi verður ríkissjóður þannig rekinn með nær 100 ma.kr. tapi á árinu 2010. Þar af eru vaxtagjöld 94,3 ma.kr. Það sem á vantar að ríkissjóður verði rekinn hallalaus er tekið að láni. Nýjar lántökur þýða aukinn vaxtakostnað. Það liggur því í augum uppi að framundan er verulegur niðurskurður á útgjöldum ríkissjóðs því ákveðin takmörk eru fyrir því hvað hægt er að auka tekjur ríkissjóðs með nýjum skattaálögum í því skyni að brúa halla á ríkisrekstri. Á endanum fara hærri skattar að virka í andhverfu sína.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær á fjárlögum fyrir árið 2010 samtals 13.645.- m.kr. Það er hækkun um 2.488 m.kr. frá fyrra ári en á fjárlögum fyrir árið 2009 fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 11.157 m.kr.. Hækkunin skýrist fyrst og fremst út af tvennu. Í fyrsta lagi fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sem svarar 1.200 m.kr. til að mæta endurgreiðslu á 1,2% hækkun tryggingargjalds sem áður hefur verið vikið að. Í öðru lagi fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga viðbótarfjármuni til að mæta aukinni fjárþörf vegna mikillar aukningar á greiðslu húsaleigubóta. Þar sem tekjustofnar Jöfnunarsjóðsins byggja á skatttekjum ríkissjóðs og útsvarstofni næstliðins árs, þá hefur almennur samdráttur í samfélaginu þau áhrif á tekjur Jöfnunarsjóðsins að þær hefðu dregist saman að óbreyttu. Áætlað er að nýjar skattaálögur ríkisins vegi upp þann samdrátt í tekjum sjóðsins sem ella hefði orðið

staðreynd. Hann stendur því nokkuð jafnsettur eftir að nafnvirði en verðgildi ráðstöfunarfjár hans rýrnar nokkuð þegar tekið er mið af verðlagsáhrifum. Þetta kemur nánar fram í fylgiblaði með þessari samantekt.

Refa- og minkaveiðar

Í frumvarpi til fjárlaga var lagt til að ríkisvaldið myndi ekki leggja neina fjármuni til refaveiða. Í meðferð fjárlagafrumvarps var hætt við þessi áform og í fjárlögum eru veittar 34,8 m.kr. til minka- og refaveiða. Það er sama fjárhæð og í fjárlögum fyrir árið 2009.

Styrkir vegna fráveitna

Á fjárlögum 2009 voru 200 m.kr. veittar sem styrkir til fráveitna. Þessi liður fellur niður á árinu 2010.

Skipulagsmál sveitarfélaga

Á fjárlögum fyrir árið 20089 voru veittar 117,7 m.kr. til endurgreiðslu til sveitarfélaga vegna skipulagsmála þeirra. Það varðar bæði sveitarfélög sem annast skipulagsmál sín sjálf og þau sem nýta aðkeypta þjónustu í þessu skyni. Þessi fjárhæð er lækkuð í 88,4 m.kr. á fjárlögum fyrir árið 2010.

Endurgreiðsla VSK vegna slökkviliða

Sömu fjárhæð og nokkur undanfarin ár eða 30.0 m.kr. er veitt til endurgreiðslu á VSK vegna kaupa sveitarfélaga á slökkvibifreiðum og slökkvibúnaði. Sú fjárhæð er fjarri því að nægja til að mæta árlegri þörf sveitarfélaganna um endurgreiðslu á VSK vegna þessara viðfangsefna. Mikil endurnýjun hefur átt sér hjá slökkviliðum landsins á undanförunum árum og nýtt atvinnumannalið byggt uppfrá grunni í Fjarðabyggð. Því dugar þessi fjárhæð ekki einu sinni til að endurgreiða það sem hefur safnast upp frá árunum 2007 og 2008, hvað þá það sem bættist við á síðasta ári.

Varasjóður húsnæðismála

Varasjóður húsnæðismála fær 30 m.kr. á fjárlögum til að sinna verkefnum sínum á árinu 2010. Það er samdráttur um 50% milli ára en á árinu 2009 fékk Varasjóður húsnæðismála 60 m.kr. á fjárlögum.

Útgreiðsla séreignasparnaðar

Með fjárlagafrumvarpi voru samþykkt ákvæði um áframhaldandi heimild til útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. apríl 2011. Útgreiðslutími fjárhæðar sem nemur 2,5 m.kr. var ákveðinn 23 mánuðir í stað 18 mánaða. Leiðir það til þess að mánaðarleg greiðsla verður jafnhá því sem var á árinu 2009. Útreikningur sem lá til grundvallar upphaflegri tillögu í frumvarpinu

gengur út frá því að heimilin í landinu muni innleysa u.þ.b. 20 milljarða króna á grundvelli þessara heimilda, sem komi til með að skila ríkissjóði um 5 milljörðum og sveitarfélögum um 2,5 milljörðum í viðbótarskatttekjur á árinu 2010.

Breytingar á skattalögum

Skattalagafrumvörp ríkisstjórnarinnar urðu að lögum í lok síðasta árs. Þar með var lögfest að tryggingagjald hækki um 1,6 prósentustig eða úr 2,21% í 3,81%. Sem m.a. er notað til að mæta auknum útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Áætlað hafði verið af sambandinu að þessi hækkun myndi leiða til 1,2 ma.kr. viðbótarkostnaðarauka árið 2010. Við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2010 var ákveðið að sveitarfélögin fengju hækkunina bættu með framlagi sem nemur 1,2 ma.kr. á árinu 2010. Mun endurgreiðslan eiga sér stað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hækkun tryggingargjalds sem tók gildi á árinu 2009 mun hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin sem nemur allt að 1,6 ma.kr. á árinu 2010. Skiptingin er þannig milli A og B hluta að A hlutinn muni bera um 1,3 ma.kr. og B hlutinn 0,3 ma.kr.

Hækkun á álagningu VSK

Almennt skattþrep VSK hækkar úr 24,5% í 25,5% samkvæmt lögum um ráðstafanir í skattamálum. Horfið var frá því að leggja á sérstakt milliprep VSK eins og kynnt hafði verið í frumvarpi þess efnis. Í umsögn sinni um frumvarpið hafði sambandið sérstaklega varað við því að slíkt milliskattþrep myndi hækka verð á máltíðum í leik- og grunnskólum og í félagslegri heimaþjónustu, a.m.k. hjá þeim sveitarfélögum sem kaupa tilbúna máltíðir. Þessi breyting hefur í för með sér að auknar tekjur vegna breyttra reglna um álagningu VSK verður um 6,0 ma.kr. í stað 8,0 ma.kr. sem ætlað var miðað við fyrri áætlanir. Erfitt er að segja til um hve mikinn kostnaðarauka fyrrgreind hækkun á álagningu VSK kerfinu muni hafa fyrir sveitarfélögin að svo komnu máli. Áhrif breytinga á álagningu VSK á vísitölu neysluverð eru talin vera um 0,4% til hækkunar. Lán sveitarfélaganna sem eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs munu því hækka sem þessu nemur vegna þessarar hækkunar. Það sama gildir um aðra þá liði í lögum um ráðstafanir í skattamálum sem leiða til hækkunar vísitölu neysluverðs.

Hækkun bensín- og olíugjalds

Almennt bensíngjald hækkar um 2,5 kr. á hvern lítra og olíugjald um 1,65 kr. á hvern lítra. Breytingin mun hafa um 0,1% áhrif á vísitölu neysluverðs til hækkunar.

Orku- og auðlindaskattar

Frumvarp til laga um orku- og auðlindaskatta var afgreitt með minniháttar breytingum frá upphaflegu frumvarpi. Í umsögn sinni um frumvarpið lagðist sambandið alfarið gegn ákvæðum II. kafla frumvarpsins, þar sem lagt var til að

teknir yrðu upp beinir skattar á raforku og heitt vatn sem selt er í smásölu til neytenda. Meðal röksemda sem sambandið færði fram gegn þessum nýju sköttum var að slík ráðstöfun myndi leiða til hækkunar á verði til neytenda og þar með hafa áhrif á neysluverðsvísitölu og þar með verðtryggðar skuldir heimilanna og eftir atvikum sveitarfélaga. Líkur benda til að ákvæði þessara laga hafi með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin (A og B hluta) sem nemur um 0,9 ma.kr. Áætlað er að A hlutinn mun bera 0,8 ma.kr. og B hlutinn 0,1 ma.kr. sem kostnaðarauka. Með samþykkt ráðstafana í skattamálum var samþykkt 10% hækkun á gjaldi af áfengi og tóbaki. Áhrif þessara breytinga á vísitölu neysluverðs eru talin vera um 0,15% til hækkunar.

Tekjuskattur einkahlutafélaga

Með lögum um tekjuöflun ríkisins nr. 128/2009 var lögfest ákvæði um að hjá skattaðilum, sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 1. töluliðar A-liðar 7. gr laga 90/2003 um tekjuskatt, skal telja til tekna sem laun, skv. 1. töluliðar A-liðar 7. gr. laga 90/2003, 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs. Áætlað er að þetta ákvæði skili sveitarfélögunum um 300 m.kr. í auknar tekjur. Nokkur umræða hefur verið í fjölmiðlum að ýmsir þeirra sem málið varðar hafi leitað leiða til að draga úr áhrifum þessa ákvæðis, m.a. með því að stofna samlagsfélög einkahlutafélaga.

GAJ